



Ályktun aðalfundar SFÚ 2015

Aðalfundur Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) var haldinn í Víkinni föstudaginn 20. nóvember 2015. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

- Í áli Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012 var þeim tilmælum beint til ráðherra að hann beiti sér fyrir því að komið verði í veg fyrir samkeppnishindranir, sem stafa af núverandi lögum og reglugerðum m.a. um tvöfalda verðmyndun sjávarfangs.
 - Nú eru nær þrjú ár liðin frá því að Samkeppniseftirlitið beindi tilmælum til ráðherra um úrbætur. Núverandi ráðherra hefur verið í embætti nær allan þann tíma en ekkert aðhafst.
 - Fundurinn skorar á ráðherra að verða við tilmælum Samkeppniseftirlitsins til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi í íslenskum sjávarútvegi.
 - Ein leið til að jafna samkeppnisstöðu í sjávarútvegi er að allar útgerðir geri upp við sjómenn á sama uppgjörsverði burtséð frá því hvort þær landa til eigin vinnslu eða selja á markaði.
- Fundurinn skorar á íslensk stjórnvöld að skipa nefnd hagsmunaaðila til að fara yfir vigtarmál og tryggja regluumhverfi sem gerir fiskmörkuðum kleift að útvega kaupendum rétta vigt. Ófremdarástand er í þessum efnum og mikið samkeppnisforskot stórra aðila, sem ekki reiða sig á fiskmarkaði til hráefnisöflunar. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð hvað varðar vigtun og endurvigtun sjávarafla.
- Fundurinn skorar á sjávarútvegsráðherra að leita leiða til að tryggja meira magn afla inn á fiskmarkaði eins og hann lofaði skilyrðislaust fyrir síðustu kosningar.
 - Nauðsynlegt er að tryggja aukið magn inn á fiskmarkaði ella er okkar sterkustu ferskfiskmörkuðum stefnt í voða.
 - Ein leið til árangurs í þessum efnum er að innleiða ívilnun af einhverju tagi, líkt og gert var áður með línutvöföldun.
- SFÚ skorar á alla fiskmarkaði að tryggja gegnsæi í gjaldtöku sinni þannig að gjaldskrár sýni glögglega fyrir hvað er rukkað.
 - Það er krafa SFÚ að gjaldtöku fiskmarkaða sé haldið í hófi og að gjöldin taki mið af raunverulegum kostnaði við veitta þjónustu hverju sinni.

- Aflaheimildir safnast á sífellt færri hendur. Þessi mikla samþjöppun í greininni leiðir til þess að einyrkjum, sem landa inn á fiskmarkaði, fækkar ört. Stjórnvöld verða að bregðast við þessari þróun ef ekki á illa að fara.
 - Bankar lána aftur og aftur út á sömu aflaheimildir og hagnast gríðarlega á viðskiptum með þjóðarauðlindina.
 - Aðalfundur SFÚ spyr hvort ríkisstjórnin hyggist sofa Þyrnirósarsvefni út kjörtímabilið og hafast ekkert að?
- Fundurinn skorar á ráðherra að auka aflaheimildir til strandveiða a.m.k. í hlutfalli við auknar heildaraflaheimildir. Með raun rétttri ætti að gefa strandveiðar frjálssar að því tilskyldu að selt sé á fiskmarkaði.
 - Strandveiðar gegna stóru hlutverki fyrir ferskfiskmarkaði yfir sumarmánuðina.
 - Strandveiðar nýtast öllum í greininni sem þjónusta þennan mikilvæga markað yfir sumarmánuðina.
- Fundurinn skorar á ráðherra að gefa makrílveiðar frjálssar fyrir báta, undir ákveðinni stærð, sem veiða á handfæri, línu og net og selja á fiskmarkaði.
 - Afli þessara báta er hágæðahráefni, sem fer undantekningalaust til manneldis og skapar þar með verðmætustu útflutningsvöru, sem unnin er úr makríl.

Frekari upplýsingar veitir Ólafur Arnarson í síma 615-4763 og netfangi: olafur@sfu.is